



Hestaíþróttadómarafélag Íslands 2016

Í stjórn félagsins eru:

Halldór Victorsson, formaður

Gísli Geir Gylfason, ritari

Ólöf Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Varamenn og í fræðslunefnd: G. Snorri Ólason og Sigurður Kolbeinsson.



Aðalfundur HÍDÍ 2016

Aðalfundur HÍDÍ var haldinn í Mosfellsbæ 11. Janúar 2016. Mæting var 25 manns, Hulda Geirs var fundarstjóri og Gísli Geir var fundarritari.

Kjósa þurfti formann, gjaldkera og tvo varamenn í stjórn. Eftirfarandi aðilar buðu sig fram og voru engin mótframboð þannig að þetta var samþykkt einróma.

Formaður: Halldór Victorsson

Gjaldkeri: Ólöf Guðmundsdóttir

Varamenn í stjórn: G Snorri Ólason og Sigurður Kolbeinsson

Nokkur málefni voru lögð fyrir fundinn og urðu helstu niðurstöður:

A. Samþykkt var að hækka félagsgjald í kr. 5000.-

B. Akstursgjald dómara

Eftir síðast haustfund kom í ljós að félagsmenn HÍDÍ óskuðu eftir að gjaldskrá fyrir ferðakostnað væri skýrari Málið var rætt fram og til baka og var eftirfarandi regla samþykkt einróma:

Tillaga fundarins

Greitt skuli sem svarar hálfu kílómetragjaldi miðað við auglýsingu um Akstursgjald ríkisstarfsmanna

1. Greitt skal fyrir allar ferðir til og frá mótsstað.
2. Ekki skal rukka tímavinnu fyrir ferðalög.
3. Ef flugfargjald í boði mótshaldara er ekki þegið skal greiddur aksturskostnaður sem samsvarar flugfargjaldinu
4. Dómarar sameinist í bíl/a þegar því verður við komið
5. Ef gisting er í boði er ekki greitt fyrir aukaferðir

C. Launamál

Tímalaun dómara verði óbreytt frá því í fyrra:

Héraðsdómari 2500kr á klst

Landsdómari 3000kr á klst

Alþjóðadómari 3500kr á klst

D. Yfirvinnuálag

Mikið álag er á dómurum HÍDÍ og telur félagið og FEIF að dómarar eigi ekki að dæma meira en 10 tíma á dag. Samþykkt var að tímalaun dómara umfram 10 klst á dag yrði tvöföld tímalaun.

Haldnir voru yfir 20 stjórnarfundir á árinu og hefur fræðslunefnd félagsins setið þá alla líka.

Endurmenntun 2016



Endurmenntun 2016 fór fram 14. Janúar, 24. Janúar og 15. Febrúar, mæting 90 dómara. Dómarar var skylt að dæma nokkra hesta á myndbandi og senda inn niðurstöður hver fyrir sig. Heppnaðist það vel og var niðurstaðan kynnt á endurmenntun. Þetta fyrirkomulag heppnaðist mjög vel og mun væntanlega vera notað á næstu árum.

Haustfundur 2016 og 2015

Haustfundur 2015 var haldinn í Spretti, Eyþór Eðvarðsson var með góðan fyrirlestur um framkomu dómara og knapa. Hann deildi á skemmtilegan hátt, góðum ráðleggingum til dómara, meðal annars hvernig á að vinna sem heild, í teymi og koma fram af virðingu við meðdómara, starfsfólk, knapa og aðstandendur, bera virðingu fyrir aðstæðum og geta rökrætt við aðila sem láta reiðina stjórna sér. Haustfundur 2016 er með öðru sniði, en þá er bæði fyrirlestur og sýnikennsla með erlendum reiðkennara. Markmið með haustfundum og öðrum fræðslufundum er að undirbúa dómara fyrir störf á komandi árum. HÍDI leggur metnað sinn í að gera góðan dómara enn betri.

Stjórn HÍDÍ

Halldór Victorsson

Gísli Geir Gylfason

Ólöf Guðmundsdóttir